

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.
Kennitala 440608-0510
Borgartúni 18, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi sjóðsins

Markmið og hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku og virkni á vinnumarkaði.

VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. VIRK hefur á undanförunum 17 árum stöðugt verið að þróa þjónustu sína í takt við reynslu, árangur og rannsóknir hérlandis og erlendis. Markmiðið er ávallt að bjóða upp á faglega þjónustu af bestu gæðum sem skilar árangri fyrir bæði einstaklinga og samfélag.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma VIRK fyrir fjármagnsliði jákvæð um 522,6 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Afkoma VIRK á árinu 2024 var jákvæð umfram áætlanir ársins. Helstu skýringar á því eru þær að útgjöld vegna þyngri starfsendurhæfingarúrræða hafa dregist saman undanfarin ár, m.a. með tilkomu geðheilsuteyma heilsugæslunnar og annarra breytinga í umhverfi VIRK. Einnig hefur vinna við straumlínulögun vinnuferla og skýrari viðmið um úrræðakaup leitt til hagræðingar í útgjöldum hjá VIRK.

Það er eðlilegt að afkoma VIRK sveiflist nokkuð milli ára, þannig var afkoman neikvæð í Covid en hefur verið jákvæð undanfarin þrjú ár. Breytingar í umhverfi VIRK geta einnig haft mikil áhrif á afkomuna í báðar áttir. Nú standa fyrir dyrum miklar breytingar á örorkulífeyriskerfinu þar sem m.a. á að leggja meiri áherslu á starfsendurhæfingu auk þess að taka upp nýtt mat á starfsgetu og vinnufærni. Þessar breytingar munu án efa hafa mikil áhrif á VIRK og geta kallað á aukna þjónustu í framtíðinni. Einnig má benda á að mjög mikil aukning hefur verið í fjölda nýrra þjónustubeiga bæði í lok árs 2024 og í byrjun árs 2025. Þannig hafa um 13% fleiri komið í þjónustu VIRK á fyrstu mánuðum ársins 2025 samanborið við fyrra ár og í lok mars 2025 eru 2.938 einstaklingar í þjónustu VIRK og hafa aldrei verið fleiri.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá sjóðnum voru 96,9 á árinu 2024 og launagreiðslur sjóðsins námu 1.167,6 millj.kr. á árinu. Stöðugildin á fyrra ári voru 70,2 og launagreiðslur námu 837,3 millj.kr. á árinu 2023.

Aðalástæða mikillar fjölgunar á stöðugildum milli ára hjá VIRK er meðal annars breyting á ráðningarformi ráðgjafa. Þeir voru áður starfsmenn stéttarfélaga með samning við VIRK en eru nú í meira mæli starfsmenn VIRK. Stöðugildum ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK var einnig fjölgað á árinu 2024 til að bregðast við aukinni aðsókn í þjónustu og stytta bið eftir þjónustu.

Kynjaskipting starfsmanna VIRK í lok árs 2024 var 15% karlar og 85% konur. Kynjaskipting starfsmanna sem sinntu stjórnunarstöðum í árslok 2024 var 13% karlar og 87% konur.

Á árinu 2024 hefur verið lögð áhersla á að þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Einnig hefur verið lögð áhersla á ýmis þróunar- og rannsóknarverkefni tengd forvörnum, starfsendurhæfingu og atvinnutengingu. Auk þessa hefur verið lögð mikil áhersla á þróun gæða- og upplýsingaöryggismála til að tryggja gæði, heildarsýn og árangur.

Á árinu 2024 komu 2.371 nýir einstaklingar í þjónustu VIRK. Heildarfjöldi einstaklinga í þjónustu í lok árs 2024 var 2.784. Áfram leitar til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glímir við flókinn og erfiðan vanda. Ársrit VIRK er gefið út á hverju ári í tengslum við ársfund og í því er að finna mjög mikið efni um starfsemi VIRK.

Ávinningur starfsins

Ávinningur starfs VIRK verður ekki mældur með útgjöldum eða tekjum sjóðsins. Ávinningurinn felst í því að einstaklingar ná að verða virkir þátttakendur í atvinnulífinu og ná þannig auknum tekjum og lífsgæðum. Ávinningurinn kemur einnig fram í sparnaði hjá launagreiðendum, lífeyrissjóðum og ríki. VIRK hefur unnið að því að þróa marga og mismunandi árangursmælikvarða á starfið og í ársriti VIRK er að finna upplýsingar um hluta þessara mælinga.

Talnakönnun hf. hefur lagt tryggingastærðfræðilegt mat á ávinning VIRK út frá tilteknum forsendum undanfarin 9 ár og niðurstaðan fyrir árið 2024 er 20,2 milljarða króna ávinningur. Hér er um að ræða reiknaða tölu út frá tilteknum hóflegum forsendum. Skýrslur Talnakönnunar er að finna á vefsíðu VIRK www.virk.is.

Í heildarúttekt á VIRK sem gerð var á árinu 2022 var niðurstaðan sú að örorkubyrði hjá Tryggingastofnun hafði lækkað um 2,4% og örorkubyrði hjá lífeyrissjóðunum hafði lækkað um 13,7% þegar skoðuð voru tímabil bæði fyrir og eftir VIRK (milli árána 2000-2004 og 2015-2019). Einnig var í þessari skýrslu bent á að muni fleiri hafi endurhæfst á árunum 2015-2019 en vænta mátti samkvæmt reynslu árána 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað) og að hjá lífeyrissjóðum hafi aukin endurhæfing náð að eyða áhrifum aukins nýngengis á örorku.

Skýrsla stjórnar og forstjóra frh.

Húsnæði og varasjóður

VIRK keypti húseignina Borgartún 18 í lok árs 2020 og flutti starfsemi sína þangað í apríl 2021. VIRK notar stærstan hluta húsnæðisins fyrir starfsemi sína en leigir út hluta af efstu hæðinni.

Varasjóður VIRK í lok árs var jákvæður um 6.064 millj.kr. en var 5.111 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig hækkað um 953 millj.kr. á árinu 2024, þar af eru 466 milljónir króna vegna ávöxtunar.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur lágmarkssjóður sé 3.504 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 5.454 millj.kr. Raunverulegur sjóður er 6.064 millj.kr. sem svarar til 99,6% öryggis. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Það er hins vegar mikilvægt að fylgjast með áhrifum nýsamþykktara lagabreytinga á örorkulífeyriskerfinu sem taka eiga gildi 1. september 2025 á starfsemi VIRK á næstu árum til að unnt sé að meta fjárþörf til framtíðar.

Fjármögnun VIRK

Samið var um stofnun VIRK í kjarasamningum árið 2008. Með kjarasamningunum fylgdi yfirlýsing af hálfu ríkisins um að greiða 0,13% framlag til VIRK á móti sama framlagi frá lífeyrissjóðum og atvinnulífi. Þetta kemur einnig fram í II. kafla laga nr. 60/2012. Þrátt fyrir þetta hefur ríkið aðeins greitt sem nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds frá árinu 2017 og á árinu 2025 nemur framlag ríkisins eingöngu 0,025% af gjaldstofni tryggingagjalds. Þessi skerðing á framlögum ríkisins til VIRK er hvorki í takt við lög né gerða samninga. Þessi skerðing auk fjölgunar einstaklinga í þjónustu VIRK mun að öllum líkindum valda því að ganga þarf á varasjóð VIRK á árinu 2025.

Rík áhersla var lögð á það af hálfu bæði fjármálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra á fundi með forsvarsmönnum VIRK í júní 2024 að skerðing á framlögum til VIRK væri einungis einskiptis aðgerð á árinu 2025 og framlögin frá og með árinu 2026 myndu ekki skerðast.

Það er mikilvægt til framtíðar að ná sátt um fjármögnun á VIRK og að ríkið komi með þriðjung fjármagns inn í VIRK eins og samið var um í upphafi. Það kallar á heildarendurskoðun á fjármögnun VIRK þar sem stefnt er að því að rekstur sé í jafnvægi og að varasjóður sé af hæfilegri stærð til að tryggja öryggi reksturs og þjónustu. Það er hins vegar ekki skynsamlegt að fara í þessa endurskoðun fyrr en áhrif nýrrar örorkulöggjafar koma í ljós á árunum 2026 og 2027.

Framtíðaráform

Á síðasta ári og í upphafi ársins 2025 hefur átt sér stað markviss vinna við stefnumótun hjá VIRK þar sem markmið og hlutverk hafa verið skýrt skilgreind auk mótunar á framtíðarsýn og áherslur.

Í niðurstöðum stefnumótunarinnar eru framtíðarsýn og áherslur VIRK settar fram í fjórum köflum; 1) starfsendurhæfing, 2) forvarnir, 3) samskipti og miðlun og 4) vinnustaðurinn. Nýjar áherslur í þessari stefnumótun snúa einkum að forvörnum og samskiptum og miðlun upplýsinga þar sem leggja á meiri áherslu á þessa þætti á næstu árum en áður hefur verið. Með aukinni áherslu á forvarnir á meðal annars að stíga markviss skref í að veita einstaklingum meiri þjónustu á sviði forvarna og koma þannig í veg fyrir að þeir þurfi að minnka við sig starfshlutfall eða fara í leyfi vegna veikinda. Einnig er skýr áhersla á að lágmarka biðtíma eftir þjónustu VIRK þar sem markmiðið er að einstaklingar fái viðeigandi þjónustu á réttum tíma.

Auka á upplýsingamiðlun af hálfu VIRK þar sem VIRK þarf bæði að koma þjónustu sinni á framfæri á skýran og fjölbreyttan máta og eins var ákall eftir auknu samstarfi við ýmsa hagsmunaa- og hagaðila. Í þessum efnum er meðal annars verið að vinna að samskiptastefnu VIRK og áætlunum um aukin samskipti og miðlun upplýsinga til samstarfsaðila og hagaðila um allt land.

Verið er að skilgreina forgangsverkefni út frá þessari stefnumótun og snúa þau sem dæmi að því að draga úr bið eftir þjónustu, byggja upp öfluga forvarnaþjónustu og tengja betur saman forvarnir og atvinnutengingu með það að markmiði að auka upplýsingagjöf og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir sem eru í samstarfi við VIRK. Önnur verkefni snúa síðan að því að auka almennt upplýsingagjöf út á við auk þess að styrkja ýmsa innviði VIRK sem hafa þurft að takast á við mikinn vöxt og breytingar á stuttum tíma.

Skýrsla stjórnar og forstjóra frh.

Starfsemi VIRK mun halda áfram að þróast og eflast á næstu árum. Starfsendurhæfing er tiltölulega ný faggrein sem er í stöðugri þróun um allan heim og sífellt bætist við ný þekking og reynsla sem taka þarf mið af við þróun þjónustunnar hjá VIRK. Einstaklingar sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda eru undantekningalítið að glíma við flókinn vanda og aðstæður sem kalla á það að mismunandi fagstéttir vinni saman að því að veita þjónustu og finna lausnir auk þess sem nauðsynlegt er að ólíkar stofnanir velferðarkerfisins vinni saman út frá þeim fjölbreyttu þörfum sem einstaklingar hafa. Þetta er m.a. eitt af markmiðum þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru samkvæmt hugmyndum félags- og vinnumarkaðsráðherra um nýtt örorkulífeyriskerfi.

Breytingar er varða ráðningarform ráðgjafa VIRK

Í upphafi voru ráðgjafar VIRK starfsmenn stéttarfélaga víða um land en störfuðu samkvæmt samningi milli VIRK og viðkomandi stéttarfélaga þar sem VIRK hefur alla umsjón með starfi þeirra og fjármagnar laun þeirra og starfsaðstöðu. Sú ákvörðun var tekin í stjórn VIRK fyrir nokkrum árum síðan að breyta þessu fyrirkomulagi til framtíðar þannig að ráðgjafar séu starfsmenn VIRK en hafi starfsaðstöðu á skrifstofum stéttarfélaga um allt land í samstarfi við þau félög. Þjónustuþegar VIRK finna því alla jafna ekki fyrir þessari breytingu. Unnið hefur verið markvisst að þessum breytingum á undanförnum tveimur árum og hefur hún gefið mjög góða raun og auðveldað alla stjórnun og upplýsingagjöf. Þessi breyting kemur m.a. fram í ársreikningum þar sem þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa dregst saman en launakostnaður og tengd gjöld hjá VIRK hækka.

Ráðstöfun afkomu ársins

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á afkomu ársins.

Stjórn og fulltrúaráð VIRK

Á síðasta ársfundi voru gerðar breytingar á stjórn og fulltrúaráði VIRK. Stjórnarmönnum var fækkað úr 14 í 7 og fulltrúum í fulltrúaráði var fækkað úr 72 í 36 auk þess sem virkni fulltrúaráðs var aukin með reglulegum fundum allt árið. Markmið þessara breytinga var að gera vinnu stjórnar markvissari og virkja betur fulltrúa í fulltrúaráði allan ársins hring og ná þannig betri tengslum við þá aðila sem standa að VIRK sem eru stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóðir og ríki. Nú er komin árs reynsla á þetta nýja fyrirkomulag stjórnar og fulltrúaráðs og óhætt er að segja að vel hafi gengið bæði í vinnu stjórnar og á fundum fulltrúaráðs þar sem skapast hafa mjög áhugaverðar og uppbyggjandi umræður um hlutverk og framtíðarsýn VIRK.

Stjórn VIRK skipa 2 karlar og 5 konur, kynjahlutfallið er því 29% karlar og 71% konur

Fulltrúaráð VIRK eftir síðasta ársfund hefur verið skipað 11 körlum og 25 konum, kynjahlutfallið er því 31% karlar og 69% konur.

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. apríl 2025

Stjórn:

Forstjóri

Heiðrún Björk Gísladóttir, formaður

Vigdís Jónsdóttir

Georg Páll Skúlason, varaformaður

Eyrún Valsdóttir

Kolbrún Halldórsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Páll Ásgeir Guðmundsson

Þórey S. Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstjóra
 - Rekstrarreikning 2024
 - Efnahagsreikning 31. desember 2024
 - Sjóðstreymi ársins 2024
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársrit sjóðsins sem lá ekki fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 7. apríl 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Löggjöld		3.988.789.380	3.685.473.869
Framlag ríkisins		1.083.900.000	1.077.999.996
Aðrar tekjur		26.384.838	30.567.788
	3	<u>5.099.074.218</u>	<u>4.794.041.653</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	5	3.999.324.870	3.537.794.787
		<u>3.999.324.870</u>	<u>3.537.794.787</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	4	267.757.121	231.909.449
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	270.097.291	256.713.093
Heildarúttekt á VIRK		0	22.382
Afskriftir	8	39.290.300	35.001.532
		<u>577.144.712</u>	<u>523.646.456</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		522.604.636	732.600.410
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		466.167.770	226.573.818
Fjármagnsgjöld		(345.170)	(224.303)
Fjármagnstekjuskattur		(25.634.903)	(31.313.767)
	7	<u>440.187.697</u>	<u>195.035.748</u>
Afkoma ársins		<u>962.792.333</u>	<u>927.636.158</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign og búnaður	8	1.351.810.636	1.341.563.949
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum		1.296.371.788	894.495.922
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir		4.492.457.171	3.619.700.654
Innlánsreikningur		134.674.244	459.057.715
	9	<u>5.923.503.203</u>	<u>4.973.254.291</u>
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur	10	560.741.436	421.054.843
Handbært fé	11	<u>112.452.641</u>	<u>148.495.555</u>
		<u>673.194.077</u>	<u>569.550.398</u>
Eignir samtals		<u><u>7.948.507.916</u></u>	<u><u>6.884.368.638</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Annað eigið fé		1.351.810.636	1.341.563.949
Varasjóður		6.064.019.432	5.111.473.786
	12	<u>7.417.330.068</u>	<u>6.454.537.735</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	13	<u>531.177.848</u>	<u>429.830.903</u>
		<u>531.177.848</u>	<u>429.830.903</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>7.948.507.916</u></u>	<u><u>6.884.368.638</u></u>
Aðrar upplýsingar	14 - 17		

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		962.792.333	927.636.158
Afskriftir fastafjármuna	8	39.290.300	35.001.532
Hreinar (fjármunatekjur) / fjármagnsgjöld	7	(440.187.697)	(195.035.748)
		<u>561.894.936</u>	<u>767.601.942</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(139.686.593)	(33.116.785)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>101.346.945</u>	<u>39.297.467</u>
		<u>(38.339.648)</u>	<u>6.180.682</u>
Greiddir vextir og þjónustugjöld		(345.170)	(224.303)
Innborgaðar fjármunatekjur af handbæru fé og kröfum		38.334.576	47.643.448
Greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum af handbæru fé		(7.876.406)	(10.444.344)
Handbært fé frá rekstri		<u>553.668.288</u>	<u>810.757.425</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Innlausn (viðbót) fjármuna í eignastýringu		(540.174.215)	(898.490.763)
Varanlegir rekstrarfjármunir		<u>(49.536.987)</u>	<u>(54.485.471)</u>
		<u>(589.711.202)</u>	<u>(952.976.234)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(36.042.914)</u>	<u>(142.218.809)</u>
Handbært fé í byrjun árs		<u>148.495.555</u>	<u>290.714.364</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>112.452.641</u></u>	<u><u>148.495.555</u></u>
Aðrar upplýsingar			
	14 - 17		

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

Um starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nemur hún sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir fá innheimta af atvinnurekendum.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingagjalds. Þetta ákvæði hefur verið framlengt á hverju ári síðan það var sett. Framlag ríkisins var 1.084 milljón króna á árinu 2024 og nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds. Framlag ríkisins verður 554,7 milljón króna á árinu 2025.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að því undanskildu að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum og í skýringu 16.

3. Rekstrartekjur

	2024	2023
<i>Iðgjöld</i>		
Iðgjöld atvinnurekenda	2.026.119.597	1.863.825.705
Móttframlag lífeyrissjóða	2.013.237.538	1.869.306.701
Innheimtuþóknun	(50.567.755)	(47.658.537)
	<u>3.988.789.380</u>	<u>3.685.473.869</u>

Iðgjöld samanstanda af greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Iðgjöld eru færð til tekna í rekstrarreikning þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok reikningsskilatímabils færð til tekna.

Framlag ríkisins

Framlag ríkisins er fært til tekna á grundvelli greiðslu frá ríkissjóði í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald nr. 113/1990 og laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

	2024	2023
<i>Aðrar tekjur</i>		
Leigutekjur	24.884.838	30.567.788
Seld tækí	1.500.000	0
	<u>26.384.838</u>	<u>30.567.788</u>

Þrír leigjendur voru í húsnæði VIRK að Borgartúni 18 á tímabilinu janúar til júní 2024 og voru búnir að vera þeir sömu frá árinu 2021. Frá og með júlí 2024 fækkaði leigjendum um einn og í byrjun árs 2025 var einn leigjandi eftir sem yfirtók svæði hinna tveggja til viðbótar.

Skýringar

4. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	1.167.594.495	837.301.794
Launatengd gjöld	257.252.430	183.678.046
Áunnið orlof, breyting	34.612.866	26.593.291
Annar starfsmannakostnaður	25.738.117	18.151.230
	<u>1.485.197.908</u>	<u>1.065.724.361</u>
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Forstjóri	24.726.602	23.346.600
Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður kemur þannig fram í rekstrarreikningi:		
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	267.757.121	231.909.449
Fært undir útgjöld meðal starfsendurhæfingar	1.217.440.787	833.814.912
	<u>1.485.197.908</u>	<u>1.065.724.361</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf:		
Skrifstofa	17,0	15,1
Starfsendurhæfing	79,9	55,1
	<u>96,9</u>	<u>70,2</u>

5. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar

	2024	2023
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:		
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	339.784.497	547.743.928
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	99.808.183	108.503.040
Úrræði	1.991.793.140	1.786.102.334
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar, sbr. skýringu 4	1.217.440.787	833.814.912
Þróun og rekstur á upplýsingakerfi	191.098.831	145.862.915
Styrkir vegna þróunar, rannsókna, virkni og framleiðslu kynningarefnis	81.704.490	72.774.000
Forvarnarverkefni	77.694.942	42.993.658
	<u>3.999.324.870</u>	<u>3.537.794.787</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	79,9	55,1
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa hjá stéttarfélögum í lok árs	15,7	27,1
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	2.784	2.493
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	2.371	2.303

Á árinu 2024 átti sér stað sú breyting að 12 ráðgjafar í 11,5 stöðugildum sem höfðu ráðningarsamband við stéttarfélög urðu starfsmenn VIRK. Til viðbótar við þetta var ráðgjöfum, sérfræðingum og atvinnulífstenglum fjölgað hjá VIRK til að bregðast við aukinni aðsókn í þjónustu. Þetta skýrir fjölgun stöðugilda um 24,8 á árinu 2024.

Sjö sérfræðingar (2023: 7) voru í sérhæfðum mats- og rýniteymum í lok árs, sex lækmar og einn sálfræðingur á Akureyri. Vinnuframlag þeirra er mjög mismunandi en um aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka er að ræða í þessum teymum.

Skýringar

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2024	2023
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Viðhald húsnæðis	5.896.023	5.071.803
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	63.817.199	57.903.103
Innréttingar, áhöld og tæki	28.063.491	40.938.708
Ritföng og prentun	2.170.928	1.389.265
Sími, internetkostnaður og burðargjöld	3.854.823	3.322.550
Gjaldfærð áhöld og viðhald	1.979.546	726.286
Mötuneyti	11.176.467	10.774.799
Útgáfa og kynningarkostnaður	24.008.886	13.991.227
Menntun, ráðstefnur og námskeið	10.159.866	7.856.687
Bækur, tímarit og námsgögn	331.689	295.384
Ferðakostnaður innanlands	1.726.060	397.086
Funda-, ráðstefnu og viðskiptakostnaður	8.482.927	15.163.335
Rekstur tölvubúnaðar og hugbúnaður	39.399.343	34.466.135
Endurskoðun og reikningshaldsleg aðstoð	4.256.329	5.176.540
Lögfræði- og ráðgjafakostnaður	7.891.794	7.410.054
Aðkeypt þjónusta	50.445.397	46.944.688
Tryggingar	4.282.415	3.317.971
Annar kostnaður	2.154.108	1.567.472
	<u>270.097.291</u>	<u>256.713.093</u>

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2024	2023
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Innleystur hagnaður eignastýringar	31.222.675	3.088.265
Önnur leystur hagnaður eignastýringar	381.376.870	149.409.499
Vaxtatekjur eignastýringar	17.901.111	28.528.942
Umsýsluþóknun eignastýringar	(2.667.462)	(2.096.336)
Vaxtatekjur	35.986.475	45.988.451
Vaxtatekjur vegna innheimtu lífeyrissjóða	2.348.101	1.654.997
	<u>466.167.770</u>	<u>226.573.818</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Seðilgjöld reikninga	(185.978)	(128.455)
Þjónustugjöld	(107.614)	(80.365)
Þjónustugjöld kreditkorta	(17.035)	(14.870)
Vaxtagjöld	(34.543)	(613)
	<u>(345.170)</u>	<u>(224.303)</u>

Fjármagnstekjuskattur	(25.634.903)	(31.313.767)
	<u>440.187.697</u>	<u>195.035.748</u>

Skýringar

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld), frh.

Tekjur af fjárfestingum

Fjárfestingar eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjárfestinganna færir sjóðurinn með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum sjóðsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum sjóðsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags eins og það er skráð hjá Seðlabanka Íslands. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu hjá Seðlabanka Íslands. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar og búnaður	Samtals
Árslok 2023			
Bókfært verð í ársbyrjun	1.300.394.084	21.685.925	1.322.080.010
Viðbót ársins	33.030.097	21.455.374	54.485.471
Afskriftir	(30.983.625)	(4.017.907)	(35.001.532)
Bókfært verð í árslok	1.302.440.556	39.123.392	1.341.563.949
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig			
Kostnaðarverð	1.385.176.741	49.202.341	1.434.379.082
Afskrifað samtals	(82.736.185)	(10.078.949)	(92.815.133)
Bókfært verð í árslok	1.302.440.556	39.123.392	1.341.563.949
Árslok 2024			
Bókfært verð í ársbyrjun	1.302.440.556	39.123.392	1.341.563.949
Viðbót ársins	42.964.682	6.572.305	49.536.987
Afskriftir	(32.503.800)	(6.786.500)	(39.290.300)
Bókfært verð í árslok	1.312.901.437	38.909.197	1.351.810.636
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig			
Kostnaðarverð	1.428.141.423	55.774.646	1.483.916.069
Afskrifað samtals	(115.239.986)	(16.865.449)	(132.105.433)
Bókfært verð í árslok	1.312.901.437	38.909.197	1.351.810.636

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Á árinu 2020 var fjárfest í fasteign að Borgartúni 18 í Reykjavík fyrir samtals 1.160.000.000 krónur undir starfsemi VIRK. Breytingar voru gerðar á húsnæðinu svo það henti betur starfsemi VIRK. Heildarkostnaður við breytingarnar námu um kr. 220 millj.kr. VIRK flutti starfsemi sína í nýtt húsnæði þann 19. apríl 2021. Á árinu 2024 var ráðist í framkvæmdir á lóðinni þar sem meðal annars voru settar upp rafhleðslustöðvar. Auk þess voru gerðar breytingar á fasteiginni. Samtals voru eignfærðar viðbætur að fjárhæð 39,3 millj.kr. á árinu 2024.

Fasteignin, innréttingar, áhöld og tæki eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði á áætluðum líftíma.

Áætlaður líftími fasteignar 40 ár

Áætlaður líftími innréttinga, áhaldna og tækja 7 ár

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignarinnar.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteign félagsins í árslok 2024 var eftirfarandi:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Borgartún 18 (F2009486)	926.600.000	228.300.000	1.330.150.000
	926.600.000	228.300.000	1.330.150.000

Fasteignin að Borgartúni 18 er váttryggð fyrir kr. 1.320.271.055. Váttryggingaverðmæti lausafjár er kr. 231.486.081. Ábyrgðartrygging atvinnureksturs nemur kr. 1.050.000.000.

Skýringar

9. Fjárfestingar í verðbréfum

Fjárfestingar VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses. eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins, Íslandsbanka og Kviku banka. Eignastýringin vinnur samkvæmt fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og tekur mið af markmiðum og aðstæðum sjóðsins.

Í efnahgsreikningi flokkast fjárfestingarnar í þrennt: Eignahluti í félögum og sjóðum, skuldabréf og skuldabréfasjóði og innlánsreikninga.

	2024	2023
Eignarhlutir í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:		
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða	857.552.816	645.113.821
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfasjóða	438.818.972	249.382.101
	<u>1.296.371.788</u>	<u>894.495.922</u>
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir sundurliðast þannig:		
Ríkisskuldabréf	42.714.532	149.849.700
Skuldabréf sveitarfélaga	61.142.470	70.036.367
Skuldabréf lánastofnana	58.145.438	74.126.869
Skuldabréfasjóðir	4.300.158.959	3.291.768.725
Skuldabréf fyrirtækja	30.295.773	33.918.994
	<u>4.492.457.171</u>	<u>3.619.700.654</u>
Innlánsreikningar í eignastýringu:	134.674.244	459.057.715
Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjár sjóðir í eignastýringu.		
Fjárfestingar samtals	5.923.503.204	4.973.254.291
Ávöxtun fjárfestinga í eignastýringu:		
Ávöxtun fyrir fjármagnstekjuskatt	427.833.194	178.930.371
Nafnávöxtun, Íslandsbanki	8,5%	3,4%
Nafnávöxtun, Kvika	8,8%	5,6%

Í lok ársins voru kr. 2.958.422.036 í eignastýringu hjá Íslandsbanka og kr. 2.965.081.168 hjá Kviku.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspegla gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættupáttur sjóðsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun í skýringu nr. 17.

Skýringar

10. Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur

	2024	2023
Óinnheimt iðgjöld og aðrar kröfur sundurliðast þannig:		
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda	259.985.770	187.374.789
Útistandandi mótfamlag lífeyrissjóða	295.983.577	231.417.634
Viðskiptakröfur	4.767.638	2.256.961
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	4.451	5.459
	<u>560.741.436</u>	<u>421.054.843</u>

Óinnheimt iðgjöld og mótfamlög eru færð á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

12. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.500.000. Óskerðanlegt stofnfé samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.000.000.

Stofnaðilar sjóðsins eru: Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM), Kennarasamband Íslands, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Launanevnd sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg.

Annað eigið fé

Sjóðurinn færir á annað eigið fé fjárhæð sem endurspeglar bókfært verð fasteignar og innréttinga og búnaðar. Breytingar á árinu skýrast af eignfærðum kostnaði og afskriftum ársins.

Varasjóður

Ráðstöfun fjármuna VIRK takmarkast við verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind í skipulagsskrá og snúa að starfsendurhæfingu. VIRK er ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að sjóðurinn geti staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hf. hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur lágmarkssjóður sé 3.504 millj.kr. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert hjá tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þurfi að vera 5.454 millj.kr. Raunverulegur varasjóður er 6.064 millj.kr. í lok árs 2024 sem svarar til 99,6% öryggis (2023: 96,2%). Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Skýringar

12. Eigið fé, frh.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Annað eigið fé	Varasjóður	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2023:				
Staða í ársbyrjun	1.500.000	1.322.080.010	4.203.321.567	5.526.901.577
Fært á annað eigið fé		19.483.939	(19.483.939)	0
Afkoma ársins			927.636.158	927.636.158
Staða í árslok	1.500.000	1.341.563.949	5.111.473.786	6.454.537.735
Hreyfingar 2024:				
Staða í ársbyrjun	1.500.000	1.341.563.949	5.111.473.786	6.454.537.735
Fært á annað eigið fé		10.246.687	(10.246.687)	0
Afkoma ársins			962.792.333	962.792.333
Staða í árslok	1.500.000	1.351.810.636	6.064.019.432	7.417.330.068

13. Ýmsar skammtímaskuldir

	2024	2023
Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:		
Lánadrottinnar	292.132.964	249.020.236
Ógreiddir styrkir	27.064.901	20.614.901
Ógreidd laun og launatengd gjöld	60.157.383	42.986.032
Áunnið orlof	151.822.600	117.209.734
	531.177.848	429.830.903

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sjóðsins eru stofnaðilar, stjórn sjóðsins, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta
Guðrúnartún 1 húsfélag, í eigu stofnaðila	1.243.150	77.550
	1.243.150	77.550

15. Aðrar upplýsingar

Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur, fyrir hönd Talnakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2024 sé nauðsynlegur lágmarkssjóður 3.504 millj.kr. Miðast sú þörf við tölfraðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helningslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2024 að fjárhæð 6.064 millj.kr tryggir 99,6% öryggi.

Skýringar

15. Aðrar upplýsingar, frh.

Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	3.472.034	3.422.403
Önnur þjónusta	5.039.994	749.371
	<u>8.512.028</u>	<u>4.171.774</u>

16. Aðrar helstu reikningsskilaaðferðir

16.1 Gjaldfærsla kostnaðar

Kostnaður er færður til gjalda á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

16.2 Skattamál

Í skipulagsskrá sjóðsins eru ákvæði þess efnis að jákvæð afkoma af starfsemi hans verði aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk hans og með vísan til þeirra ákvæða hefur sjóðurinn fengið undanþágu frá skattlagningu. Sjóðurinn er því ekki tekjuskattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt af rekstri sínum þó um jákvæða afkomu sé að ræða.

16.3 Skuldbindingar

Sjóðurinn færir skuldbindingu þegar sjóðurinn hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita lögum samkvæmt. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær. Engin ríkisábyrgð er á starfsemi VIRK og því er mikilvægt að það sé til staðar varasjóður til að mæta bæði sveiflum í rekstri og óvæntum áföllum í rekstri og þjónustu. Starfsemi VIRK er víðtæk og á hverjum tíma eru til staðar skuldbindingar gagnvart bæði einstaklingum og þjónustuaðilum sem geta náð nokkur ár fram í tímann. Vísað er til umfjöllunar um útreikninga á nauðsynlegum varasjóði VIRK í skýringu 12 hér að framan.

Aðrir áhættuþættir tengjast varðveislu og ávöxtun varasjóðs VIRK s.s. vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur sjóðsins í varðveislu varasjóðs telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, frh.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu sjóðsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur sjóðurinn tryggt fjölbreytni og varkárni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja sjóðsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

VIRK hefur falið Íslandsbanka og Kviku að stýra eignasafni sjóðsins. Eignastýring bankanna þarf að fylgja fjárfestingastefnu sem samþykkt hefur verið af stjórn VIRK. Fjárfestingastefnan var eftirfarandi á árinu 2024:

	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0%	70%	0%
Ríkisskuldabréf og víxlar/skuldabréfasjóðir	30%	100%	45%
Sértryggð skuldabréf/skuldabréfasjóðir	0%	35%	25%
Sveitafélagabréf/skuldabréfasjóðir	0%	15%	5%
Önnur skuldabréf/skuldabréfasjóðir	0%	15%	5%
Hlutabréf/hlutabréfasjóðir	0%	30%	20%
- Innlend			10%
- Erlend			10%

Í árslok 2024 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Íslandsbanki	Kvika
Innlán - peningamarkaðsinnlán	4,4%	0,1%
Ríkisskuldabréf og víxlar/skuldabréfasjóðir	30,2%	42,0%
Sértryggð skuldabréf/skuldabréfasjóðir	36,9%	25,6%
Sveitafélagabréf/skuldabréfasjóðir	0,5%	1,6%
Önnur skuldabréf/skuldabréfasjóðir	8,1%	6,7%
Hlutabréf/hlutabréfasjóðir	19,8%	23,9%
- Innlend	57,1%	73,6%
- Erlend	42,9%	26,4%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 224,6 milljónir króna.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, frh.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breyting á eignasafninu um 64,8 milljónir króna.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Sjóðurinn fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunar þýðir breyting á eignasafninu um 21,9 milljónir króna.

Undirritunarsíða

formaður stjórnar
Heiðrún Björk Gísladóttir

meðstjórnandi
Eyrún Björk Valsdóttir

varaformaður
Georg Páll Skúlason

meðstjórnandi
Kolbrún K Halldórsdóttir

meðstjórnandi
Margrét Sigurðardóttir

meðstjórnandi
Páll Ásgeir Guðmundsson

meðstjórnandi
Þórey Sigríður Þórðardóttir

forstjóri VIRK
Vigdís Jónsdóttir

áritunarendurskoðandi
Bryndís Björk Guðjónsdóttir